



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Sjálfsmat kennara

Rannsókn á eigin starfi

Skýrsla um starfið skólaárið 2006 - 2007

Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor

Menntaskólinn við Sund

Júlí 2007

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur.....	3
1. Tilgangur og markmið	3
2. Lýsing á framkvæmd	4
2.1. Rannsóknarstarfið	4
2.2. Kynningar	7
2.3. Umræðufundur	8
3. Þróunarstyrkur	11
Lokaorð	11
Heimildir	13

Inngangur

Skólaárið 2005 – 2006 fékk Menntaskólinn við Sund styrk frá menntamála- ráðuneytinu vegna þróunarverkefnis um sjálfsmat skóla - Rannsókn á eigin starfi. Hópurinn sem vann það verkefni ákvað að halda áfram að vinna að starfendarannsóknum skólaárið 2006-2007 þó þróunarverkefninu sem slíku væri lokið. En þetta skólaár fékk hópurinn þróunarstyrk frá Menntaskólanum við Sund til að halda áfram starfinu. Ráðgjafi hópsins hefur frá upphafi verið dr. Hafþór Guðjónsson, dósent í kennslufræði við Kennaraháskóla Íslands og hefur hann unnið mikið og óeigingjarnt starf með hópnum. Ekki var ráðinn sérstakur verkefnisstjóri í vetur heldur hafa Ósa Knútsdóttir, sjálfsmatsstjóri og Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor skipulagt starfið í vetur.

1. Tilgangur og markmið

Helstu markmiðin með rannsóknum starfsmanna á eigin starfi við Menntaskólann við Sund eru eftirfarandi:

- Efla kennara og stjórnendur í starfi
- Veita kennurum tækifæri til að þróa eigin kennsluhætti
- Veita stjórnendum tækifæri til að þróa stjórnunaraðferðir sínar
- Styrkja og þróa sjálfsmat
- Fylgja eftir nemenda- og starfsmannakönnunum
- Gera nám nemenda skilvirkara og innihaldsríkara
- Bæta námsárangur nemenda

Tilgangurinn er að veita kennurum og stjórnendum tækifæri til að bæta sig í starfi, hverjum á því afmarkaða sviði sem hann velur.

Frá upphafi hefur sameiginlegur áhersluþáttur hópsins verið að vinna að því að auka meðvitund nemenda um eigin ábyrgð á námi sínu en á vorönn 2007 var einnig ákveðið að leggja áherslu á að velta fyrir sér og fá nemendur og kennara til að hugleiða hvað er nám, í hverju það felst og hvernig það fer fram.

2. Lýsing á framkvæmd

2.1. Rannsóknarstarfið

Í hópnum í vetur störfuðu eftirfarandi kennarar og stjórnendur:

Fanny Ingvarsdóttir, franska

Guðný Guðjónsdóttir, félagsfræði

Halla Kjartansdóttir, kennslustjóri

Hannes Hilmarsson, stærðfræði

Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor

Hrefna Guðmundsdóttir, félagsfræði og sálfræði

Jóna Guðbjörg Torfadóttir, íslenska

Ósa Knútsdóttir, danska

Pétur Rasmussen, danska

Sjöfn Guðmundsdóttir, lífsleikni, myndlist og sálfræði

Þorbjörn Guðjónsson, efnafræði


Ráðgjafi hópsins er dr. Hafþór Guðjónsson, dósent í kennslufræði við Kennaraháskóla Íslands. Jean McNiff, prófessor við St. Mary's University College í London heimsótti okkur í Menntaskólann við Sund 2. nóvember 2006, flutti almennan fyrirlestur um „action research” og veitti hópnum ráðgjöf einn eftirmiðdag. Hún bauð síðan hópnum að kynna verkefni sitt og taka þátt í ráðstefnu um action research sem haldin var í London í febrúar 2007.

Á þessu skólaári héldu flestir áfram með svipaðar áherslur í sínum rannsóknum og á fyrra ári. Sjá lýsingar á rannsóknum á heimsíðu MS.¹

Dæmi um rannsókn í vetur er aukin áhersla á hópavinnu til að auka virkni nemenda í dæmatímum í bóklegri efnafræði. Þar eru 2-4 nemendur í hóp, 1-2 sterkir nemendur í hverjum hóp, valið í nýja hópa í hvert skipti og sterkari nemendur aðstoða þá veikari. Kennarinn taldi kostina við virka þátttöku í hópavinnu vera að sterkari nemendur fylli í getugloppur og auki innsýn sína og færni og veikari nemendur fá aukið sjálfstraust, aukna færni, meira úthald og eignast reiknuð dæmi. Einnig má benda á námsþrámiða Dale í þessu samhengi því hann staðfestir kenningar hugsmíðahyggjumanna um mikilvægi

¹ Overview of the Icelandic participants' action research activities in Sund secondary school 2007

beinnar þátttöku nemenda í námsferlinu.² Eins og sést á myndinni hér að neðan þá tileinkar fólk sér aðeins 10% af því efni sem það les en 90% af því efni sem það talar um. Kosturinn við hópavinnuna fyrir kennarann er að hann hefur meiri lausan tíma í kennslustundum til að leysa gömul vandamál með einstaka nemendum en þetta kallar á mun meiri undirbúning fyrir kennsluna því öll dæmi og verkefni þurfa að vera reiknuð fyrirfram.³



(Dale, 1996)⁴

Annað dæmi um rannsókn í vetur snýst um námsmat í félagsfræði. Þau markmið voru sett að gefa skýr fyrirmæli, skýra endurgjöf fyrir verkefni, nýta kennsluáætlanir betur og fylgja fast eftir skiladögum verkefna og viðurlögum ef skilað var of seint. Þetta var skoðað út frá svörum við spurningalistum til nemenda og vinnubókum nemenda.⁵

Þriðja dæmið um nýjar áherslur í kennslu í vetur er sókratísk aðferð í umræðum í kennslustundum í lífsleikni. Hún er til þess að gera markmiðin með umræðum skýrari fyrir nemendum, vinna gegn því að sömu einstaklingarnir einangri umræðuna og auðvelda mat á frammistöðu nemenda í umræðunum.⁶ Kennarinn kannaði í lok skólaársins viðhorf nemenda sinna til umræðutíma og lagði eftirfarandi spurningar fyrir nemendum: Finnst þér gagnlegt að hafa umræðutíma? Af hverju? Af hverju ekki? Hvernig væri að þínu mati unnt að

² Ósa Knútsdóttir 2007: 13.

³ Þorbjörn Guðjónsson 2007.

⁴ Ósa Knútsdóttir 2007:13.

⁵ Hrefna Guðmundsdóttir 2007.

⁶ Sjöfn Guðmundsdóttir 2006.

gera umræður í kennslustund betri? Varstu virkur í umræðunni? Var tekið mark á þínum skoðunum? Nemendur svöruðu m.a. að þeim fyndist umræður fræðandi og skemmtilegar. Þær þrói samskiptahæfnina, brjóti upp kennsluna og „það hjálpar að skilja efnið betur og og þá festist það betur í hausnum.“ Flestir nemendanna töldu sig vera virka og að það hafi verið tekið mark á þeirra skoðunum.⁷

Nokkuð er um að kennarar noti þá aðferð við starfsrýni að leggja spurningar fyrir nemendur um kennsluna og nýta síðan svörin til að þróa kennsluhættina. Eftirfarandi spurningar voru t.d. notaðar í félagsfræði:

1. Hvers vegna valdi ég félagsfræði?
2. Hvaða væntingar hef ég til greinarinnar?
3. Hvað hef ég lært í félagsfræði það sem af er annarinnar?
4. Hvers konar nemandi er ég?
5. Hvernig gengur mér í skólanum (í félagfræði og öðrum greinum)?
6. Vil ég bæta námsárangur minn og ef svo hvað get ég gert?
7. Hvað gerir kennarinn?
8. Hvað getur kennarinn gert til að bæta mína hegðun og hennar?⁸

Í íslensku þar sem kennarinn var að rannsaka viðbrögð sín við óvæntum atvikum voru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir nemendur: Hvað einkennir góð samskipti milli kennara og nemenda? Hvað einkennir vond samskipti milli kennara og nemenda? Afgerandi svar við þessum spurningum var virðing og virðingarleysi og voru nemendur því næst spurðir: Hvað merkir virðing? Hvernig finnst þér virðing/ virðingarleysi birtast þér í kennslu? Hvaða áhrif telur þú að virðing / virðingarleysi hafi á nám þitt og námsáhuga? Í svörum nemenda kom m.a. fram sú skoðun að virðing merki að koma vel fram við hvert annað og virða skoðanir hvers annars og taka tillit til hvers annars. Kennarinn spurði einnig nemendur hvaða ráð þeir gætu gefið honum til að bæta samskipti sín við sig? Þau gáfu m.a. þau svör að gott væri að hafa meira samráð við nemendur, nota fjölbreyttari kennsluáferðir og að ekki væri nauðsynlegt að fylgja alveg námsáætlunum.⁹

⁷ Sjöfn Guðmundsdóttir 2007.

⁸ Guðný Guðjónsdóttir 2007.

⁹ Jóna Guðbjörg Torfadóttir 2007.

Í kynningu sinni á vofundi kennara skoraði Halla Kjartansdóttir á fleiri kennara að taka þátt í starfendarannsókninni næsta skólaár og gera MS að lærdómssamfélagi nemenda og kennara. Hún spurði þar einnig hvort hægt væri að festa hendur á gagnsemi starfsrýni? Því svaraði hún á eftirfarandi hátt: „* Gerir starfið sýnilegra * Veitir tækifæri til að vinna markvisst að betri vinnubrögðum * Gefur nýtt sjónarhorn á starfið og vinnur gegn því að það sé unnið á sjálfstýringunni * Færir kennarann skrefi nær nemandanum * Rýfur einangrun kennara * Opnar leið að þverfaglegum vinnubrögðum.”¹⁰

2.2. Kynningar

Á þessu skólaári hefur mikil orka og tími farið í kynningu á þróunarverkefningu um rannsókn á eigin starfi í MS, samanber eftirfarandi yfirlit yfir kynningarstarf hópsins:

- Kennarafundur MS - vor 2006
- Kennaranemar HÍ - vor 2006
- Menntaskólinn í Kópavogi - vor 2006
- Sumarnámskeið íslenskukennara - sumar 2006
- Skýrsla til menntamálaráðuneytis - haust 2006
- Ráðstefna RKHÍ haust 2006
- Ráðstefna í St. Mary's University College, London - vetur 2007
- Kennaranemar HÍ í MS –vetur 2007
- Vettvangsnám tungumálakennara vor 2007
- Borgarholtsskóli vor 2007
- Kennarafundur MS vor 2007

Af þessum kynningum var undirbúningur langmestur fyrir málstofu í KHÍ á haustönn og ráðstefnu í London á vorönn. Hópurinn stóð fyrir málstofu á ráðstefnu um rannsóknar- og þróunarverkefni í skólastarfi í Kennaraháskóla Íslands í október 2006, þar sem allir þátttakendur voru með útdrátt um sína rannsókn¹¹ og Hafþór¹², Jóna¹³ og Sjöfn¹⁴ fluttu erindi um rannsóknina, sjá gögn á heimasíðu MS. Í febrúar 2007 fór hópurinn á ráðstefnu í St. Mary's University College í London sem bar yfirskriftina Speaking for ourselves. Þar birtu allir

¹⁰ Halla Kjartansdóttir 2007.

¹¹ Útdráttur: Lýsing á rannsóknnum –sjálfmat, rannsókn á eigin starfi 2006.

¹² Hafþór Guðjónsson 2006.

¹³ Jóna Guðbjörg Torfadóttir 2006

¹⁴ Sjöfn Guðmundsdóttir 2006

þátttakendur útdrátt um sína rannsókn á ensku¹⁵ og Guðný¹⁶, Hafþór¹⁷, Hannes¹⁸, Hjördís¹⁹ og Jóna²⁰ fluttu erindi um rannsóknina, sjá gögn á heimasíðu MS.

Kynningarferlið hefur verið mjög lærdómsríkt fyrir alla þátttakendur. Það að þurfa að taka saman útdrátt um sína starfendarannsókn er vandasamt verk og ennþá erfiðara er fyrir óvana að orða hugsanir sínar um faglegt starf á ensku. Einnig var það mikil reynsla fyrir nokkra úr hópnum að halda sitt fyrsta erindi á ensku. Hafþór veitti okkur, bæði hópnum og einstaklingunum afar dýrmæta ráðgjöf í þessu vinnuferli.

Hópurinn er ákeðinn í því að halda áfram að kynna starf sitt og taka þátt í umræðum um starfendarannsóknir hér heima og erlendis. Meðal annars hefur verið rætt um að skrifa greinar um rannsókn okkar í Skólavörðuna, blað Kennarasamband Íslands og Netlu, vefrit Kennaraháskóla Íslands. Þá hefur verið rætt um möguleikann á útgáfu bókar um starfendarannsóknir á Íslandi, og þátttöku í ráðstefnu um starfendarannsóknir í Oxford 2008.

2.3. Umræðufundir

Samtals voru haldnir fimm umræðufundir á haustönn 2006 og fimm á vorönn 2007. Töluverður tími fór í umræður um undirbúning vegna kynninga og ráðstefna samanber umfjöllun hér að framan.

Í nóvember 2006 kom Jean McNiff í heimsókn á fund hópsins í MS. Jean lagði það verkefni fyrir alla í hópnum að teikna myndir af sinni rannsókn, þ.e. af aðstæðum fyrir og eftir rannsóknina og voru teikningarnar fjölbreytilegar og skemmtilegar. Hún spurði einnig hvaða gögn við gætum komið með á næsta fund og svörin voru m.a. dagbókarfærslur, myndbandsupptaka, bréf frá nemendum, lýsing á vettvangsheimsókn, lýsing á prófun sem nokkrir gerðu saman og niðurstöður könnunar sem væri lögð fyrir nemendur fyrir og eftir að ákveðin breyting væri gerð.²¹

McNiff leggur mikla áherslu á nauðsyn þess að við kynnum niðurstöður okkar rannsókna fyrir öðrum kennurum. Hún telur að kennarar eigi að setja fram

¹⁵ Overview of the Icelandic participants' action research activities in Sund secondary school 2007

¹⁶ Guðný Guðjónsdóttir 2007.

¹⁷ Hafþór Guðjónsson 2007.

¹⁸ Hannes Hilmarsson 2007.

¹⁹ Hjördís Þorgeirsdóttir 2007.

²⁰ Jóna Guðbjörg Torfadóttir 2007.

²¹ McNiff, Jean 2006.

sínar eigin kenningar um kennslu sem byggja á eigin reynslu og starfendarannsóknum.²²

Í lok haustannar voru markmið nýrra rannsókna rædd og ákveðið að sameiginleg áhersla hópsins yrði nú að skoða betur hugtakið nám og fá nemendur og kennara til að velta fyrir sér hvernig þeir skilja það hugtak. Rætt um nám sem yfirfærslu, hugsmíði og þátttöku og ákveðið að jafnframt yrði áfram lögð áhersla á að auka ábyrgð nemenda á námi sínu. Einnig var rædd nauðsyn þess að auka fjölbreytni í námsmati. Í framhaldi af þessari umræðu var síðan haldinn sérstakur kennarafundur í febrúar 2007 þar sem hugtakið nám og fjölbreytni í námsmati var tekið fyrir bæði með erindum²³ og umræðum.

Á vorönn ræddum við meðal annars um gildin í okkar rannsókni. Við lásum þá 5. kaflann „Back Home” úr doktorsritgerð Hafþórs þar sem hann fjallar um gildin í sinni rannsókn.²⁴ Gildin sem hópurinn ræddi sérstaklega um og hann telur mikilvæg í skólastarfinu eru eftirfarandi: Fegurð, virðing, réttlæti, hugsun, forvitni, sköpun, einlægni, vitund um nám, ábyrgð, áhugi, breyting og sjálfstæð vinnubrögð. Jean McNiff leggur áherslu á við gerum okkur grein fyrir eigin gildum því við metum rannsóknarniðurstöður okkar út frá okkar eigin gildum um skólastarfið.²⁵

Í lok vorannar var rætt um starf rannsóknarhóps kennara í Brookline, Massachusetts, USA²⁶. Í anda þess hóps var ákveðið að taka upp þá nýjung á fundum okkar á næsta skólaári að taka til umræðu á hverjum fundi ákveðin gögn frá einum úr hópnum. Þetta gæti verið brot úr myndbandi úr kennslustund, segulbandsupptaka af umræðum eða viðtali við nemanda, ljósmyndir úr kennslustund eða dagbókarbrot. Einnig var ákveðið að leggja áherslu á heimsóknir í kennslustundir til hvors annars á næsta skólaári.

Rætt hefur verið um þá hugmynd að hópurinn stofni sína eigin heimasíðu þar sem öll gögn hópsins væru vistuð og umræðuvefur settur á fót. Rannsóknarhópur kennara í Ástralíu sem kallar sig PEEL gæti verið fyrirmynd okkar í því efni en hann hefur verið starfandi síðan 1985 og er með sína vefsíðu <http://www.peelweb.org>. PEEL hópurinn var stofnaður vegna þess að kennarar

²² McNiff, Jean 2006 og 2006: 65-66.

²³ Hafþór Guðjónsson 2007.


²⁴ Hafþór Guðjónsson 2002.

²⁵ McNiff, Jean 2006.

²⁶ Phillips, Ann og Gallas, Karen 2004.

höfðu áhyggjur af fjölda nemenda sem væri óvirkur, hugsunarlaus og ósjálfstæður í námi, jafnvel þó að kenningar væri augljóslega árangursrík.²⁷

Hafþór fjallaði um umræðufundi hópsins okkar í sínu erindi á ráðstefnunni sem hópurinn sótti í London og telur þá vinna gegn stöðnun kennara í starfi og að það sé „eitthvað gott“ að gerast innan hópsins sem hann lýsti m.a. með eftirfarandi mynd²⁸:



(Hafþór Guðjónsson 2007)

Hannes fjallaði einnig um fundi hópsins í sínu erindi á ráðstefnunni í London og gerði samanburð á starfi hópsins og handleiðslu í náms- og félagsráðgjöf en hann telur margt líkt með starfi hans og handleiðslu í meðferðarstarfi.²⁹ Hann fjallaði einnig um styrkleika umræðufunda hópsins þar sem hann bendir á að það sem einkenni samskipti hópsins er að þau eru opin, heiðarleg og tilfinningaleg, þar ríkir gagnkvæmt traust og allir hafa löngun til að þroskast.³⁰

²⁷ Eygló R. Sigurðardóttir 2006.

²⁸ Hafþór Guðjónsson 2007.

²⁹ Hannes Hilmarsson 2007.

³⁰ Hannes Hilmarsson 2007.

3. Þróunarstyrkur

Áætlun um nýtingu þróunarstyrks frá Menntaskólanum við Sund stóðst í stórum dráttum. Kennarar sem tóku þátt í starfi hópsins fengu 6 tíma greidda í yfirvinnu vegna starfsins og faglegur ráðgjafi fékk greidda 20 tíma vinnu við ráðgjöf hópsins. Þó bættist við 50.000 kr. ferðastyrkur til faglegs ráðgjafa vegna ferðar hópsins til London. Aðrir í hópnum fengu styrk til ferðarinnar frá Vísindasjóði Félags framhaldsskólakennara og Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara. Einnig fékk skólinn styrk frá Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara til að fá Jean McNiff í heimsókn í MS. Hópurinn þakkar ofangreindum kærlega fyrir þá styrki sem hann fékk.

Lokaorð

Starfið að verkefninu sjálfsmat - rannsókn á eigin starfi hefur gefið okkur þátttakendum mikið, það hefur aukið fagleg tengsl á milli kennara í ólíkum kennslugreinum, veitt okkur tækifæri til að bæta okkur í starfi og umræðuhópurinn hefur rofið einangrun kennara. Sannfæring okkar er að með því að leggja áherslu á breytingar á starfinu innan kennslustofunnar muni starf okkar verða til hagsbóta fyrir nemendur skólans og bæta skólastarfið í MS.

Á næsta skólaári höfum við hug á því að efla starfendarannsóknir enn frekar innan Menntaskólans við Sund. Við viljum gjarnan miðla af reynslu okkar og þekkingu á starfendarannsóknum beint til fleiri starfsmanna innan skólans. Hugmyndin er að fá fleiri kennara og aðra starfsmenn skólans til að hefja sína eigin starfendarannsókn. Markmiðið er að mynda tvo sjálfsmatshópa í MS á næsta skólaári þar sem þátttakendur gera rannsóknir á eigin starfi. Hvatning er fyrir okkur að hafa fengið styrk frá Menntaskólanum við Sund á þessu skólaári og frá menntamálaráðuneytinu á næsta skólaári fyrir rannsókn á eigin starfi.

Von undirritaðrar er að innan nokkurra ára verði allir starfsmenn MS farnir að iðka starfendarannsóknir. En það er þó rétt að benda á að það er hægara sagt en gert að breyta hópverkefni þar sem kennarar ákveða sjálfir þátttöku sína í stofnanaverkefni þar sem allir starfsmenn taka þátt.³¹

³¹ McNamara, Gerry og O'Hara, Joe 2000.

Frekari kynning er fyrirhuguð á verkefninu m.a. með grein í Skólavörðuna, tímariti Kennarasambands Íslands og Netlu, vef tímariti á vegum Kennaraháskóla Íslands. Hópnum hefur verið boðið að taka áfram þátt í samstarfi hóps Jean McNiff um starfendarannsóknir og fyrirhuguð er ráðstefna þess hóps í Oxford á næsta ári.

Reykjavík 5. júlí 2007.

Virðingarfyllst.

Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor

Heimildir

Eygló R. Sigurðardóttir: 2006. *PEEL*. Ástralía. <http://www.eyglo.com/PEEL/>
Sótt 5.7.2007.

Guðný Guðjónsdóttir: 2007. *Starting Action Research*. Erindi á ráðstefnu um
action research í St. Mary's University College, London 3. – 4. febrúar 2007

Hafþór Guðjónsson: 2006 *Starfendarannsóknir*. Erindi flutt á ráðstefnu RKHÍ í
október 2006. Reykjavík

Hafþór Guðjónsson: 2007. Nám. Fyrirlestur haldinn í Menntaskólanum við Sund,
Reykjavík í febrúar 2007. Reykjavík.

Hafþór Guðjónsson: 2007. *Learning to Talk About Our Experiences*. Erindi á
ráðstefnu um action research í St. Mary's University College, London 3. – 4.
febrúar 2007.

Hafþór Guðjónsson: 2002. Kafli 5 Back Home í doktorsritgerð Hafþórs *Teacher
Learning and Language: A Pragmatic Self-Study*. University of British Columbia,
Canada.

Halla Kjartansdóttir: 2006 *Að kenna og kanna*. Erindi flutt á
endurmenntunarnámskeiði móðurmálskennara í ágúst 2006.

Halla Kjartansdóttir: 2007. *Starfsrýni sem aðferð í sjálfsmati í MS*. Erindi á
kennarafundi í MS 24. maí 2007. Reykjavík.

Hannes Hilmarsson: 2007. *Supervision*. Erindi á ráðstefnu um action research í
St. Mary's University College, London 3. – 4. febrúar 2007.

Hjördís Þorgeirsdóttir: 2007. *Increasing Student's Responsibility for their Studies*. Erindi á ráðstefnu um action research í St. Mary's University College, London 3. – 4. febrúar 2007.

Hrefna Guðmundsdóttir: 2007. *Rannsókn á eigin starfi*. Erindi á kennarafundi í MS 24. maí 2007. Reykjavík.

Jóna Guðbjörg Torfadóttir: 2007. *Treat or Tussle*. Erindi á ráðstefnu um action research í St. Mary's University College, London 3. – 4. febrúar 2007.

Jóna Guðbjörg Torfadóttir: 2006. *Að fást við eða slást*. Erindi flutt á ráðstefnu RKHÍ í október 2006. Reykjavík.

McNamara, Gerry og O'Hara, Joe: 2000. „Action Research For Organisational Change.” Kafli 18 í *Action Research in Ireland*. Ritstjórar McNiff, Jean, McNamara, Gerry og Diarmuid, Leonard. September Books, Dorset UK.

McNiff, Jean: 2006. *Fyrirlestur og umræður um starfendarannsóknir*. Menntaskólinn við Sund. Reykjavík 2. 11. 2006.

McNiff, Jean & Whitehead, Jack: 2006. *All You Need To Know About Action Research*. SAGE Publications, London.

Ósa Knútsdóttir: 2007. *Nu talar vi dansk. Þjálfun munnlegrar færni í dönsku í framhaldsskólum*. Mastersritgerð við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Reykjavík.

Phillips, Ann og Gallas, Karen: 2004. „Developing a Community of Inquiry: The Values and Practices of the Brookline Teacher Researcher Seminar.“ *Regarding Children's Words*. Teachers Research on Language and Literacy. Brookline Teacher Research Seminar. Ritstjóri Ballenger, Cynthia. Teachers College Press, Columbia University New York and London.

Sjöfn Guðmundsdóttir: 2006. *Umræðutímar í lífsleikni*. Erindi flutt á ráðstefnu RKHÍ í október 2006. Reykjavík.

Sjöfn Guðmundsdóttir: 2007. *Könnun á umræðum í tíma í 1. bekk vor 2007*. Óútgefið efni. Menntaskólinn við Sund Reykjavík.

Þorbjörn Guðjónsson: 2007. *Rannsókn á eigin starfi*. Erindi á kennarafundi 24. maí 2007. Reykjavík.